

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um kjör öryrkja.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hverjar voru meðaltekjur 75% öryrkja úr lífeyrissjóðum á mánuði samkvæmt skattframtölum árið 2012 fyrir árið 2011?
2. Hve stór hluti 75% öryrkja naut ekki tekna úr lífeyrissjóði viðkomandi ár?
3. Sé þeim öryrkjum sem nutu lífeyristekna skipt í fimm jafnstóra hópa eftir tekjum úr lífeyrissjóði, hverjar voru þá meðaltekjur hvers hóps um sig á mánuði, sbr. upplýsingar úr skriflegu svari fjármálaráðherra í þingskjali 1421 á 130. löggjafarþingi?

Skriflegt svar óskast.